

Tilm. 3/2020/holdbart D 2020

Fyrri skjalsnúmer A 1758/holdbart
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

Norræna sjálfbærninefndin um
endurnýtingarstefnu (tilmæli 3/2020)

Tillaga

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái hjá sér svar við tilmælum 3/2020 um endurnýtingarstefnu og bíði átekta eftir pólitísku samráði.

Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að útflutningur úrgangs megi einungis fara fram til fyrirtækja sem geta sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega ábyrga förgun úrgangsins;

að Norræna ráðherranefndin móti tillögu að sameiginlegri stefnu á sviði endurvinnslu allra tegunda úrgangs;

að Norræna ráðherranefndin móti norrænt styrkjakerfi fyrir rannsóknir og þróun nýrra endurvinnsluáferða og „Zero Waste-lausna“.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin tekur undir áhyggjur Norðurlandaráðs af vaxandi efnisneyslu og úrgangi. Í samræmi við þetta fjallar Norræna ráðherranefndin nú um meðferð úrgangs og – mun meira – um hringrásarhagkerfi og endurvinnslu efnis.

Um fyrsta tillögulið:

Kveðið er á um flutning úrgangs milli landa í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006/EB sem tengist Baselsamningnum og OECD-ákvörðun um flutning úrgangs. EB-gerðin hefur beint gildi í öllum aðildarlöndum og EES-löndum.

Samkvæmt reglugerðinni um flutning úrgangs má eingöngu flytja úrgang milli landa ef úrgangurinn er meðhöndlaður með umhverfislega ábyrgum hætti. Norrænu ríkisstjórnirnar undirstrika hér með að reglugerðin tryggir nú þegar umhverfisvæna meðhöndlun úrgangs sem fluttur hefur verið, og eru jafnframt jákvæðar gagnvart því að verið er að fara yfir flutningareglugerðina en það mun gefa færi á að nútímavæða regluverkið og auka skilvirkni þess.



Um annan tillögulið: Norræna ráðherranefndin ráðgerir metnaðarfullar aðgerðir á sviði endurnýtingar á næstu árum. Við innleiðingu framkvæmdaáætlunar Framtíðarsýnar okkar fyrir 2030 eru ráðgerðar umfangsmiklar aðgerðir til að mynda um:

- Reglur um eignarhald framleiðenda (MR-MK)
- Hringrásarmiðuð viðskiptalíkön (MR-VÆKST)
- Endurnýtingu textíls (MR-MK)
- Hringrásarhagkerfi og vistferilsmat á byggingavöru (samstarf MR-VÆKST og MR-MK, formennskulandið Finnland)
- Plast (MR-MK)

Norræna ráðherranefndin hefur því ákveðið að setja í forgang þróun tiltekinnar aðferða og einbeita sér að völdum efnum frekar en að þróa almenna norræna endurvinnslustefnu. Ráðherranefndin telur að norrænt fé nýtist betur ef nálgunin er afmörkuð. Samtímis verður lögð áhersla á málaflokka þar sem vænta má mestrar norrænnar nytsemi í norrænu samstarfi og þörf er á gagnkvæmri hvatningu og sameiginlegum lausnum. Aðgerðir varðandi eignarhaldsfyrirkomulag framleiðenda og hringlaga viðskiptalíkön geta haft áhrif víðar en á þau efni sem verða tekin sérstaklega fyrir.

Um þriðja tillögulið: Mikil þörf er á rannsóknum og þróun nýrra aðferða og lausna á sviði endurnýtingar. Löndin hafa hvert um sig styrkjakerfi sem eiga við um endurnýtingarlausnir. Auk styrkjakerfa í löndunum taka norrænar fjármögnunaráætlanir við umsóknum sem tengjast grænum umskiptum, þar á meðal endurnýtingu og hringrásarhagkerfi. Innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar er Norræna nýsköpunarmiðstöðin með áætlun um hringrásarhagkerfi. Áætlunin fjallar um færniþróun fyrir norræn fyrirtæki á sviði hringlaga viðskiptalíkana og nýrra lausna á sviði hringrásarhagkerfis/ endurnýtingar. Áætlunin er einnig framlag til uppbyggingar á hringlaga vistkerfum á Norðurlöndum.

Með hliðsjón af þeirri vinnu sem Norræna ráðherranefndin hefur lagt fram á sviði hringrásarhagkerfis og endurnýtingar á efnum telur ráðherranefndin sig hafa orðið við tilmælunum að hluta til.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin skráir hjá sér svar Norrænu ráðherranefndarinnar. Nefndin vill benda á að þrátt fyrir fyrirliggjandi ESB-löggjöf séu enn fjöldamörg dæmi um óæskilega meðferð úrgangs og flæði hans til endurnýtingar til landa utan ESB. Einkum telur nefndin vandamál að úr sér gengin raftæki séu seld til endurnýtingar til landa á borð við Gana þar sem tækin enda á sorphaugum að lokinni notkun svo af hlýst umtalsverð hætta fyrir umhverfi og heilsu. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að ESB-löggjöfin og eftirlit með henni tryggi að útflutningur úrgangs fari einungis fram til fyrirtækja sem geti sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega ábyrga förgun úrgangsins. Að mati nefndarinnar ættu norrænu löndin að taka höndum saman um að tryggja endurskoðun núverandi EB-gerðar með tilliti til þessa.



Nefndin telur dýrmætt hve mörgum verkefnum er tengjast hringrásarhagkerfi og endurnýtingu hefur verið ýtt úr vör undanfarin ár og að Norræna ráðherra nefndin hyggi á metnaðarfullar aðgerðir á sviði endurnýtingar í tengslum við vinnuna við Framtíðarsýn okkar 2030.

Nefndin er mjög áhugasöm um áætlun varðandi hringrásarhagkerfi undir Nordic innovation þar sem m.a. er lögð áhersla á hæfniþróun fyrir fyrirtæki á sviði hringlaga viðskiptalíkana og nýjar lausnir á sviði endurnýtingar og vill gjarnan fá upplýsingar um árangurinn af því starfi.

Nefndin færir svarið til bókar og bíður pólitísku samráðs.

Norðurlöndum, 28. júní 2021

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Ingalill Olsen (A)

Ketil Kjenseth (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)

Simon Holmström (HI)

Sofia Geisler (NGV)

Staffan Eklöf (SD)

Saara-Sofia Sirén (saml)